

5. fundur Samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnendafimmtudaginn 23. nóvember 2017 kl. 10-16:30 á 4.hæð mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Mættir: Björk Óttarsdóttir, Guðni Olgeirsson, Sonja Dögg Pálsdóttir, Sigurjón Mýrdal, Birna Svanbjörnsdóttir, Baldur Sigurðsson, Þórður Kristjánsson, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Þorsteinn Hjartarson, Hulda Karen Daníelsdóttir, Hjördís Þorgeirsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Svanhildur Ólafsdóttir, Ólafur Loftsson (fyrir hádegi), Guðrún Edda Bentsdóttir, Haraldur Árni Haraldsson, Vigdís Guðnadóttir, Guðjón H. Hauksson, Olga Lísu Garðarsdóttir, Valborg Guðlaugsdóttir og Gunnþís Ýr Finnbogadóttir.

Gestir fyrir hádegi: Hrönn Pétursdóttir, Guðlaug, Guðlaug Gísladóttir, Helgi Eiríkur Eyjólfsson.

Gestir eftir hádegi. Hellen Gunnarsdóttir MRN og Jón Torfi Jónasson.

Forföll boðuðu Anna Margrét Gunnarsdóttir frá KÍ, Magnús Þorkelsson, Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir, og Ingibjörg Kristleifsdóttir.

Dagskrá

A. Brottfall og nýliðun kennarastéttarinnar: Birna Svanbjörnsdóttir fundarstjóri.

Kynning 1: Birna Svanbjörnsdóttir HA.

Starfshópur samstarfsráðs um brottfall og nýliðun kennara

Birna fór yfir starf vinnuhóps samstarfsráðsins um brottfall og nýliðun kennarastéttarinnar. Hópurinn hefur haldið 7 fundi og fjallað um ýmsa þætti málsins, kynnt sér gögn og skýrslur og fengið gesti á fund hópsins, t.d. Önnu Kristínu Sigurðardóttur og Hafdísu Guðjónsdóttur frá HÍ og Hrönn Pétursdóttur frá Rvk. Einnig greindi hún í stuttu máli frá málþingi sem haldið var um málið í byrjun nóv. og fór yfir ýmsar hugmyndir sem hafa verið ræddar um stuðning við nýliða og starfsþróun og símenntun fyrir kennara. Hún minnti einnig á úttekt Ríkisendurskoðunar 2017 og áherslur í úttekt Evrópumíðstöðvar á menntun fyrir alla.

Kynning 2: Ólafur Loftsson formaður FG.

Bókun 1 með kjarasamningi FG og umbótaáætlanir sveitarfélaga. (Glærुकynning hjálögð).

Ólafur fór yfir starf sem tengdist bókun 1 í kjarasamningi FG með og helstu niðurstöður. Langflestir grunnskólar skiluðu umbótatillögum og það er mat aðila að vel hafi tekist til með samstarf FG og sambandsins um þetta mál. Lokaskýrslan og ýmislegt annað efni er tengist vinnunni er aðgengilegt á heimasíðu KÍ og Sambandsins. Fram kemur m.a. að kennarar telja að mikið er um ómarkvissa fundi í skólum og skráningar, t.d. í Mentor. Einnig kom fram að aukin viðvera kennara í skólum nýtist ekki nægilega vel til að auka samstarf þeirra til undirbúnings kennslu. Of mikið álag er talið vera vegna utanaðkomandi nýrra verkefna, t.d. frá ráðuneyti og Menntamálastofnun og ekki sé nægjanlega vel staðið að innleiðingu þeirra og ekki nægjanlegt svigrúm skapað til að vinna að slíku í skólum. Fjölga þurfi starfsfólki í skólum með sérfræðipækkingu og margir telja of lítinn aðgang að ráðgjöf og stuðningi og að

starfsþróun og símenntun sé ekki nægjanlega markviss. Fjölga þurfi tækifærum til símenntunar og veita tíma og umbun starfsþróunar Einnig nefndi hann ýmis önnur atriði, sjá nánar í glærुकyningu og skýrslunni sjálfri. Eftirfylgnin fer þannig fram að skólar eru spurðir um hvernig hafi verið unnið að umbótaáætlun hvers skóla. Gert er ráð fyrir að efnið nýtist í komandi kjaraviðræðum FG.

Sjá nánar á vef sambandsins. <http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/frettir-skolamal/nidurstodur-ur-umbotaaaetlunum-liggja-fyrir>

Kynning 3: Baldur Sigurðsson MVS.

Tillögur og greinargerð samráðshóps MVS, HA og sambandsins í kjölfar sameiginlegs vinnufundar um nýliðunarvanda í kennarastétt í febrúar 2017. (Glærुकyning hjálögð).

Fulltrúar Sambandsins, MVS og HA hafa rætt kennaraskort, brottfall og nýliðun í kennarastétt. Baldur kynnti helstu atriði í greinargerð samráðshópsins, en tillögur hópsins eru nánast tilbúnar til birtingar og verða kynntar á næstunni.

Helstu hugmyndir

1. Hvatar /styrkir til kennaranáms, m.a. í gegnum LÍN.
2. Efling kennaranámsins og gagnrýnin skoðun á inntaki og áherslum námsins
3. Starfsnámsár, þrepaskipt nám, vettvangsnám o.fl.
4. Leiðsögn nýliða og kandidata, aðlögun að kennarastarfi.
5. Ímynd kennarastarfsins, vinna að viðhorfsbreytingu í samfélaginu, skapa aukið traust.
6. Auka faglegan styrk, starfsumhverfi, símenntun og þróun.
7. Stjórnslásla, efling og samhæfing hennar.

Kynning 4: Þórður Kristjánsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Skólaláping sveitarfélaga, punktar úr umræðum á þinginu um starfsumhverfi skóla. (Glærुकyning hjálögð).

Þórður kynnti umræður á nýlegu fjölmennu skólalápingi sveitarfélaga um málefni kennara. Þórður fór yfir helstu punktana sem komu fram á þinginu en sambandið mun vinna frekar úr niðurstöðum umræðunnar og kynna sérstaklega.

Umræðusvið

1. Að lágmarki 2/3 starfsfólks í leikskólum hafi leikskólakennaramenntun. Er það raunhæft?
2. Samstarf við foreldra álagspáttur. Hvað er til ráða?
3. Virðing fyrir kennurum. Hvað þarf til að auka hana?
4. Menntun án aðgreiningar, hvað þarf til góðrar framkvæmdar?
5. Myndir þú hvetja barn þitt til að gera kennslu að ævistarfi? Rök.

Hann nefndi stuðning við nýja kennara, kandidatsár, leiðsögn við kennaranema, eitt leyfisbréf á öllum skólastigum, styrki frá LÍN, aukin samskipti við foreldra og aukinn tíma til starfsþróunar kennara og skólastjórnenda.

Hrönn Pétursdóttir verkefnisstjóri.

Starfsumhverfi leik- og grunnskola í Reykjavík

Hrönn kynnti í stuttu máli vinnu við að skoða starfsumhverfi leik- og grunnskóla í Reykjavík. Hún fór m.a. yfir könnun sem var unnin fyrir hópinn og greindi frá því að Ingvar Sigurgeirsson hafi unnið fyrir hópinn skýrslu um rannsóknir sem eru til á þessu sviði. Fljótlega verður efni frá þessari vinnu gert aðgengilegt og ætti einnig að geta nýst í vinnu samstarfsráðsins.

Helgi Eiríkur Eyjólfsson nefndi atriði í nýju meistaraþrófsverkefni sín um kennaramenntun, brottfall og nýliðun kennarastéttarinnar; leiðsögn við nýliða, skipulag starfsmenntunar o.fl.

Umræður í fjórum hópum um eftirfarandi spurningar. Björk Óttarsdóttir stýrði

- *Hvað er brýnast að gera, hver á að gera hvað og hvernig á að forgangsraða aðgerðum?*
- *Hvaða aðgerðir getur samstarfsráð farið í? (aðgerðaáætlun)*
- *Hvaða aðgerðir getur samstarfsráð hvatt aðra til að fara í (hverja)?*

Niðurstöður úr umræðum

Hóparnir kynntu umræðuna sem fram fór í hópunum. Eftirtaldir ritarar kynntu niðurstöður og þau skila helstu punktum til Bjarkar Óttarsdóttur, bjork.ottarsdottir@mrn.is Þorsteinn Hjartarson Árborg, Hjördís Þorgeirsdóttir MS, Helgi Eiríkur Eyjólfsson MRN og Sonja Dögg Pálsdóttir MRN.

Birna dró saman nokkur atriði úr umræðunni. Ljóst er að nokkrir aðilar eru að vinna að málinu og hlutverk samstarfsráðsins gæti því verið að miðla upplýsingum og samhæfa aðgerðir. Vinnuhópur samstarfsráðsins um brottfall og nýliðun mun halda áfram að vinna að tillögum og aðgerðum sem skilað verður fljótlega til samstarfsráðsins. Sem síðan gerir tillögur til ráðherra.

Baldur Sigurðsson vakti athygli á fyrirhugaðri ráðstefnu á vegum MVS um starfsþróun kennara sem verður haldin í febrúar 2018 nk. og hvatti fulltrúa í samstarfsráði til þátttöku.

B. Breytingar í samstarfsráði og kynning á starfsmanni:

Hellen Gunnarsdóttir skrifstofustjóri skrifstofu mennta- og vísindamála í ráðuneytinu kynnti breytingar á skipan samstarfsráðsins sem búið er að ákveða. Sigurjón Mýrdal verður starfsmaður samstarfsráðsins frá 1. des. nk. í hálfu starfi og einnig einn af fulltrúum ráðuneytisins í ráðinu. Björk Óttarsdóttir verður formaður samstarfsráðsins og nýr fulltrúi ráðuneytisins verður Sonja Dögg Pálsdóttir í stað Kristínar Runólfsdóttur sem hefur látið af störfum í ráðuneytinu. Einnig kynnti hún að samstarfsráðið fær 6 millj. kr. til ráðstöfnunar árin 2018 og 2019 til verkefna sinna.

Sigurjón kynnti aðrar breytingar á ráðinu en Baldur Sigurðsson kemur inn sem eftirmaður Jóns Torfa Jónassonar frá MVS. Guðrún Edda Bentsdóttir kemur inn sem nýr aðalmaður í stað Ingibjargar Margrétar Gunnlaugsdóttur. Þorsteinn Sæberg kemur inn í ráðið í stað

Svanhildar Ólafsdóttur sem fulltrúi Skólastjórafélags Íslands og Sigurður Sigurjónsson verður nýr fulltrúi Félags stjórnenda á leikskólum í stað Ingibjargar Kristleifsdóttur.

Óskað var eftir nýjum lista yfir aðalmenn og varamenn í samstarfsráðinu vegna mikilla breytinga á ráðinu að undanfögnu.

Ákveðið var eftir að starfsmaður ráðsins mæti á fundi hjá vinnuhópunum fjórum eftir þörfum.

Spurt um sameiginlegt gagnasvæði fyrir samstarfsráðið. Gert ráð fyrir að slíkt verði aðgengilegt á vefnum starfsthroun.is. Starfsmaður ráðsins mun leggja áherslu á að lagfæra vefsíðuna og útbúa vinnusvæði fyrir samstarfsráðið.

C. Menntun fyrir alla. Úttekt um framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Ragnheiður Bóasdóttir formaður stýrihóps um eftirfylgni úttektarinnar og sérfræðingur í ráðuneytinu kynnti og umræða um samstarf og skörun “starfsþróunar“ og „menntunnar án aðgreiningar“. (Glærkynning hjálögð). Sjá einnig: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/allar-frettir/frett/2017/11/16/Lokaskyrsla-Evropumidstodvar-um-menntun-fyrir-alla-a-islensku/>

Ragnheiður kynnti helstu niðurstöður í úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi sem Evrópumidstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir vann samkvæmt samningi við ráðuneytið. Hún vakti athygli á samstarfsyfirlýsingu hagsmunaaðila um úttektina og skuldbindingu sömu aðila um eftirfylgni úttektarinnar. Einnig vakti hún athygli á því að íslensk þýðing á lokaskýrslu úttektarinnar er nýkomin úr prentun og verður send til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla og hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Hún er einnig aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins ásamt margvíslegum gögnum úttektaraðila og einnig er í undirbúningi að setja fram alls konar kynningarefni um efni skýrslunnar og skóla án aðgreiningar eða menntun fyrir alla. Gæta þarf að því að þegar rætt er um skóla án aðgreiningar er verið að ræða um alla nemendur, en ekki eingöngu nemendur með sérþarfir sem margir skilja að þessi stefna snúist um í meginatriðum.

Ragnheiður ræddi sérstaklega um tillögur í úttektinni sem lúta að starfsþróun kennara og skólastjórnenda og samstarf og skörun þessara tveggja verkefna, þ.e. stýrihóps um eftirfylgni úttektarinnar og samstarfsráðsins. Hún vakti athygli á 7 aðgerðum sem stýrihópurinn lagði fram í sumar og ráðherra samþykkti og vakti sérstaklega athygli á 7. tillögunni sem lýtur að faglegri starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Stýrihópurinn er skipaður til ársloka 2019. Vætanlega þarf að endurnýja samstarfsyfirlýsinguna þegar ný ríkisstjórn verður mynduð.

Fram kom að haldnir hafa verið sameiginlegir fundir með stýrihópi samstarfsráðsins og fulltrúum í stýrihópi um menntun án aðgreiningar. Ljóst er að skörun er á milli verkefna þessara hópa og það þyrfi að tryggja að gott samstarf sé á milli þessara beggja hópa en bæði verkefnin eru mikilvæg.

Punktur úr umræðum.

- Skýrslunni almennt fagnað í þessum hópi og samstarfi milli þessara tveggja hópa
- Rætt um hvort grunnmenntun eða fagleg starfsþróun kennara nýtist vel fyrir menntun án aðgreiningar.
- Jákvætt að verið sé að þróa úthlutunarlíkan fyrir framhaldsskóla sem einnig þyrfti að skoða fyrir grunnskóla og það vantar meira gagnsæi í úthlutun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- Of mikið er ýtt undir klíniska nálgun hjá sveitarfélögum og stofnunun ríkisins og nauðsyn þess að breyta skólaþjónustunni.
- Vakin athygli á veikri innleiðingu á stefnunni um skóla án aðgreiningar og það vantar markvissari kennsluráðgjöf og stuðning við lærdómssamfelag skólanna. Skólaþjónustan er lykilatriði í innleiðingunni, en stórefla þarf kennslufræðilega ráðgjöf.
- Grundvallaratriði að um markvisst samstarf verði milli þessara tveggja hópa að ræða og samstarfsráðið er kjörinn vettvangur til að fylgja eftir úttektinni gagnvart starfsþróun.
- Virkja betur háskólana til að styðja við menntun án aðgreiningar
- Þarf að búa til talsmenn til að tala fyrir þessum verkefnum.
- Miklar væntingar til samstarfsins og mikil samlegðaráhrif.

D. Norrænt samstarfsverkefni um leiðsögn við nýliða í kennslu - Nordisk nettverk - nye lærere: (Lýsing á verkefni hjálögð) <https://www.nyutdannede.no/>

Aðalheiður Steingrímsdóttir kynnti að Kennarasamband Íslands tekur þátt í norrænu samstarfsverkefni um leiðsögn við nýliða í kennslu með þremur öðrum kennarasamtökum: Danmarks Lærerforening, IMAK kennarasamtökunum á Grænlandi, Utdanningsforbundet í Noregi, og tveimur háskólum sem mennta kennara: Háskólanum í Suðaustur Noregi og Háskólanum í Åbo Finnlandi. Verkefnið stendur yfir 2017-2020. Nordplus Horisontal veitir styrk til verkefnisins.

Aðalheiður greindi frá verkefninu þar sem markmiðið er að koma á norrænu neti um stuðning við nýliða í kennslu sem yrði tengt við „Net fyrir stuðning við nýliða í kennslu í Noregi“. Verkefnið nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hún telur að þetta verkefni smellpassi inn í verkefni samstarfsráðsins, m.a. til að móta heildstæða leiðsögn við nýliða í starfi. Vakti m.a. athygli á að fyrirhugað er að útbúa spurningalista um leiðsögn nýliða í starfi. Spurt var hvort og með hvaða hætti samstarfsráðið geti tengst þessu verkefni. Þetta verkefni er talið falla afar vel að verkefnum samstarfsráðsins. KÍ óskar eftir tengiliðum við þetta verkefni innan HA og MVS. Ekki talin ástæða til að búa til sérstakan hóp um þetta verkefni innan samstarfsráðsins en tengja það þeim hópum sem eru starfandi á vegum ráðsins. Ræða sérstaklega í nýliðunarhópnum og stoðkerfishópnum.

Vakin athygli á bók eftir Ragnhildi Bjarnadóttur um leiðsagnarhlutverk kennara. <http://skolavardan.is/frettir/Ny-bok-um-leidsagnarhlutverk-kennara/>

E. Kynningarhópurinn:

Þórður Kristjánsson kynnti starf vinnuhóps samstarfsráðsins um samstarf og kynningarstarf. (Glærur hjálagðar).

Þórður rifjaði upp skilgreiningu fagráðsins um starfsþróun. Hlutverk hópsins er að koma á framfæri tillögum fagráðsins 2016 og verkefnum samstarfsráðsins.

Hann æddi hugmyndir hópsins að kynningum og samstarfi við stýrihópinn um menntun án aðgreiningar. Þessir tveir hópar hafa lagt upp með hugmyndir að gerð 10-15 stuttra myndbanda um starfsþróun kennara og menntun fyrir alla. Hafa stofnað rýnihóp með fulltrúum frá öllum skólastigum sem eiga að koma með hugmyndir að myndböndum og útfærslu. Fundur með hópnum fyrirhugaður í lok nóv. þar sem rætt verður um hugmyndir og áherslur. Í kjölfarið verði hægt að vinna myndböndin og kynna sem víðast, m.a. á samfélagsmiðlum. Stefnt að því að í eigi síðar en í apríl 2018 verði einhver myndbönd tilbúin. Aðalbjörn kynningarstjóri hjá KÍ er reiðubúinn til að styðja við hópinn.

F. Þarfahópurinn:

Jón Torfi Jónasson kynnti starf vinnuhóps samstarfsráðs um greiningu þarfa fyrir starfsþróun og þróun faglegs umhverfis í skólastarfi. (Skjal frá hópnum í viðhengi).

Vinnuhópurinn var settur á laggirnar til að sinna tilteknu forgangsverkefni ráðsins sem snerist um að greina hverju þyrfti að sinna í starfsþróun kennara, skólastjórnenda og námsráðgjafa og í þróun skólastarfs. Jón Torfi fór yfir vinnu hópsins, m.a. greiningarvinnu um faglegar kröfur til leikskólakennara og starfsumhverfis og þróun undanfarin áratug. Þar kemur fram að margvíslegar nýjar kröfur hafi verið gerðar til leikskóla undanfarinn áratug og það er mikilvægt að draga þessi atriði fram í dagsljósið. Markmiðið er að draga fram sambærileg plögg fyrir öll skólastig og tónlistarskóla, m.a. sem byggir á kröfum í lögum, reglum og aðalnámskrám, stjórnvaldsákvörðunum, skýrslum og málþingum. Haraldur dreifði tveimur minnisblöðum um greiningu þarfa í tónlistarskólum. Meginverkefnið er að draga þessi atriði fram fyrir alla aðila á eins hlutlægan hátt og mögulegt er.

Ánægja með þessa vinnu og mikilvægt að klára kortlagningu fyrir öll skólastig. Jón Torfi er tilbúinn að halda áfram að vinna með hópnum og fram kom ánægja með það.

G. Stoðkerfishópurinn

Aðalheiður Steingrímsdóttir greindi frá starfi vinnuhóps samstarfsráðsins um stoðkerfi starfsþróunar: (Sjá tillögu að þróunarverkefni í viðhengi).

Aðalheiður fór yfir helstu atriði í starfi hópsins og greindi sérstaklega frá vinnu við útfærslu á víðtæku samstarfi að þróunarverkefni um stoðkerfi starfsþróunar fyrir kennara og skólastjórnenda. Fyrir liggur tillaga að útfærslu á því fyrir öll skólastig og tillaga að kostnaðaráætlun. Markmiðið með þróunarverkefninu er að styðja við menningu starfsþróunar í skólum með því að skapa aðstæður og möguleika fyrir kennara og skólastjórnendur til að vinna saman að því að þróa faglegt lærdómssamfélag um daglegt starf með nemendum og stuðla að aukinni starfsánægju. Talað var um mikilvægi þess að allir háskólar sem annast menntun kennara geti tekið þátt í þróunarverkefninu. Hún greindi einnig frá fundum með Menntamálastofnun um verkefni stofnunarinnar sem tengjast starfsþróun og Rannís þar sem farið var yfir Erasmus+ og Nordplus. Þorsteinn hafði frumkvæði að spurningakönnun til skólaskrifstofa um starf sveitarfélaga að starfsþróun kennara.

Meginskilaboðin frá samstarfsráðinu er að haldið verið áfram með þróunarverkefnið og einnig að mikilvægt sé að MMS vinni að úttekt á því. Tengja verkefnið einnig starfsþróun vegna menntunar án aðgreiningar.

H. Framhald verkefna Samstarfsráðsins

Sigurjón rifjaði upp hvernig samstarfsráðið hefur unnið á þessu ári, m.a. vegna þess að ekki var starfsmaður til að vinna fyrir ráðið og ekki var sérstakt fjármagn til ráðstöfunar. Nú þarf að meta stöðuna og taka ákvarðanir í ljósi starfsmanns og fjárveitingar. Talið var rétt að vinnuhóparnir fjórir haldi áfram að starfa. Styrkja þarf farsælt samstarf við stýrihóp um menntun án aðgreiningar. Samstarfsráðið þarf að vera sveigjanlegt til að taka upp ný verkefni. Áfram verður stýrihópur með svipuðum hætti og verið hefur en með nýju fólki að hluta. Ákveðið var að þeir aðilar sem hættir eru í samstarfsráðinu en vilja vinna áfram í vinnuhópum ráðsins fá umboð ráðsins til þess.

Punktur úr umræðum

- Rætt um samstarfsráð sem þrýstiafl til breytinga.
- Rætt um hugarflugsfund í samstarfsráðinu um kennaramenntun og uppbyggingu hennar, m.a. út frá leyfisbréfum fyrir kennara.
- Rætt um að taka fleiri atriði fyrir á fundum samstarfsráðsins með sambærilegum hætti og brottfallið og nýliðun.
- Rýna betur í samlegðaráhrif og samstarf samstarfsráðs og stýrihóps um menntun án aðgreiningar.
- Taka saman greinargerðir um starf samstarfsráðsins og einnig stýrihóps um menntun án aðgreiningar og senda út til samstarfsaðila í lok þessa skólaárs.
- Vakin athygli á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna til 2030, einkum markmið 4 um menntun og óskað eftir því að samstarfsráðið skoði verkefni sín m.a. í ljósi heimsmarkmiðanna. Sjá t.d. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmidin> og <http://un.is/namsefni/heimsmarkmidhin>
- Vakin athygli á að TALIS könnunin verður lögð fyrir á unglíngastigi og á leikskólastigi vorið 2018.
- Sigurjón biður um að fá að hitta alla starfshópana fjóra og að þeir ræði verkefni sín í ljósi umræðunnar á þessum fundi.

I. Önnur mál

a. Ráðstefna 14. ágúst um teymiskennslu. (Bréf lagt fram og kynnt).

Hulda Karen Daníelsdóttir er með erindi til samstarfsráðsins um samstarf við SISL og Samtök áhugafólks um skólaþróun um að halda ráðstefnu um teymiskennslu sem gæti verið fyrir kennara á öllum skólastigum. Ánægja með þessa tillögu og málinu vísað til stýrihópsins.

b. Ross Mahon hjá Google heldur fyrirlestur hjá Menntamálastofnun laugardaginn 25. nóv. um tæknilausnir og Google. Samstarfsráðinu er boðið á kynningu hjá Nýherja fimmtudaginn 30. nóv. Sigurjón framsendir tölvupóst til ráðsmanna. Sjá: <https://www.linkedin.com/in/rossmahon/>